

4. júní 2021

Bréf til sveitastjórnar Flóahrepps

Efni: Lausaganga hrossa við Urriðafoss

Af ærnum ástæðum sem taldar verða upp í þessu bréfi óskar landeigandi að Urriðafossi eftir því að lausaganga hrossa verði óheimil í gegnum jörðina um Urriðafossveg. Óskað er eftir afstöðu sveitarstjórnar við þessari beiðni.

Ástæður bann við lausagöngu hrossa / reksturs:

Á jörðinni Urriðafossi er stundaður búskapur með mjólkurkúr, ársafkoman byggist á gæði gróffóðurs, þ.e. heyfeng sumarsins. Stór hluti af okkar ræktunarlöndum, bæði tún og flög/nýrækt eru við Urriðafossveg. Ef hross sleppa inn á þannig lönd hlýst gríðarlegt tjón af, bæði fyrir magn og gæði uppskeru. Oft er ekki farið á undan og lokað hliðum til að fyrirbyggja að rekstur geti ekki hlaupið inn á tún, þá hefur líka borið á því að lokað hefur verið með böndum/vír frá þeim sem reka og ekki hirt um að fjarlægja eftir rekstur. Þá hefur aldrei verið látið vita af fyrirhuguðum rekstri.

Á Urriðafossi eru börn að leik á hlaðinu, bæði á grunn- og leikskólaaldri. Nokkrar leiðir eru fyrir hross heim á bæ og útilokað er að girða það af til að halda þeim í skefjum því Urriðafossvegur er nánast í gegnum hlaðið. Því hlýst óboðleg hætta af slíkum rekstri fyrir börnin.

Nú í sumar á að setja bundið slitlag á Urriðafossveg frá Þjóðvegi 1 og að ferðamannastaðnum Urriðafossi. Á síðastliðnum árum hefur umferð stórauðist á þessum vegkafla og flestir vegfarendur eru erlendir gestir sem margir eru óöruggir í umferðinni. Yfir sumartímamann (fyrir utan covit tíma) er bílplanið við Urriðafoss nánast aldrei bíllaust nema rétt yfir hánóttina. Ég tel þessa umferð engan vegin fara saman, þ.e. lausaganga hrossa og þessi gríðarlegi ferðamannastraumur. Reyndar fer lausaganga búfé almennt ekki saman við þessa gríðarlegu umferð, hvort sem það eru kúr, kindur eða hross. Enda gríðarleg umferðaráhætta fyrir bæði menn og dýr á þessum vegkafla.

Þá skiptir ekki máli hvort rekið sé í stórum eða litlum hópum, það þarf svo lítið útaf að bregða til að stórtjón geti hlotist. Í liðinni viku var tiltölulega lítlill rekstur, um 20 hross voru í hóp og þar af setið á 5. Slitnaði upp úr hópnum á einum stað og hlupu nokkur hross upp afleggjara að Ósavatni.

Ástæða þess að að verið er að reka hross í þessum hópum er að þetta er fljótleg og þægileg leið til að halda hrossum í „formi“ eða bæta formið. Hvort sem eigendur hrossa eru í áhuga – eða atvinnuskyni að þá tel ég kominn tími til að setja mörk á þetta æfingaform. Þessi starfsemi á engan veginn saman við þá starfsemi og umferð sem er í og við Urriðafoss.

Að lokum vil ég fagna þeirri umræðu sem sem ég les í fundargerð sveitarstjórnar Flóahrepps frá 13. apríl 2021. Þar er að finna bréf frá Árna Eiríkssyni oddvita um ábyrgð eigenda búfénaðar og mögulegar takmarkanir á lausagöngu.

Ef skort er á svæðum eða leiðum fyrir hross til rekstrar hvet ég sveitarstjórn og hrossabændur til að finna öruggar og góðar leiðir sem mun ekki skaða aðra starfsemi eða valda óþarfa áhættu.

Virðingarfyllst, Haraldur Einarsson & Birna Harðardóttir, Urriðafossi